

Sþ.

287. Tillaga til þingsályktunar

[157. mál]

um hagnýtingu síldarafla við Suðurland.

Flm.: Helgi Bergs.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram ýtarlega rannsókn á því, hvornig hagnýta megi síldaraflann við Suðurland á sem beztan og verðmætastan hátt, og gera að þeirri rannsókn lokinni áætlun um það, á hvern hátt ríkið geti bezt stuðlað að því, að upp byggist iðnaður, er vinni sem fullkomnastar vörur úr þessum afla.

Greinargerð.

Fiskiðnaður okkar Íslendinga hefur beztu hráefni heims. Engin önnur þjóð hefur eins góða aðstöðu til að ná fjölbreyttum og glænýjum afla á land.

En við förum ekki nægilega vel með þetta hráefni, enda verða okkur of lítil verðmæti úr því, og hlutfallið milli afurðaverðmætis og aflamagns hefur versnað á undanförnum árum.

Framfarir í fiskiðnaði okkar hafa verið hægfara um nokkurt skeið. Við söltum aflann, herðum hann og frystum, eins og við höfum lengi gert. Aðrar þjóðir gera meira. Þær sjóða niður, reykja og pakka í margvislegar neytendaumbúðir og auka þannig verðmætin stórlega. En slíkar aðferðir eru vanræktar hjá okkur.

Með tilkomu kraftblakkar og nælonnóta hefur aðstaðan til síldveiða gerbreytzt, og síld veiðist nú við ýmsar aðstæður, sem áður hefðu ekki komið til álit.

Þannig veiðist nú síld að vetrarlagi austur með öllu Suðurlandi, og á undanförnum vikum hefur borizt á land í Vestmannaeyjum meiri síld en nokkru sinni áður. Aðstaða til vinnslu hennar er þar slæm. Frystihúsin geta aðeins tekið við litlu magni. Talsvert er ísað til útflutnings, en mest fer í mjöl- og lýsisframleiðslu. Í Vestmannaeyjum er ein síldarverksmiðja, sem nú er verið að stækka, þannig að hún geti brætt 5000 mál á sólarhring. Í Þorlákshöfn er enn þá engin aðstaða til að taka á móti síld til annarrar vinnslu en frystingar.

Með þessum hætti verða þau framleiðsluverðmæti, sem úr síldinni fást, allt of lítil, og brýna nauðsyn ber til, að kannað sé til hlítar, með hvaða hætti megi úr þessu bæta.

Ýmsir aðilar hafa sýnt virðingarverða viðleitni til þess að gera tilraunir með betri hagnýtingu síldar. Samband íslenzkra samvinnufélaga hefur komið upp tilraunaverksmiðju í Hafnarfirði, sem m. a. fæst við reykingu síldar, og fleiri aðilar hafa byrjað ýmiss konar viðleitni af þessu tagi. En í hafnarbæjum Suðurlands er síldveiði í stórum stíl svo nýlega hafin, að fyrir liggur að taka afstöðu til nýrra viðhorfa þar. Hér er um stórmál að ræða, sem eðlilegt virðist að ríkisvaldið hlutist til um að komist í farsæla höfn.